

# 180. aðalráðstefna

## Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Ver fyrirmynd trúaðra

Öldungur Russell M. Nelson  
í Tólfpostulasveitinni

Kæru bræður, í kvöld erum við samankomnir á mörgum stöðum í heiminum. Dásamlegir trúboðar eru meðal okkar. Ég bið alla fastatrúboða um að rísa á fætur. Hvar sem þið eruð, öldungar og trúboðsforsetar, standið vinsamlega á fætur. Við erum þakklátir fyrir sérhvern ykkar! Við færum ykkur þakkir! Við elskum ykkur! Þið megið fá ykkur sæti.

Endrum og eins þurfum við að minna okkur á ástæðu þess að við erum trúboðar. Það er vegna boðorðs Drottins, sem segir: „Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda,

og kennið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“<sup>1</sup>

Þetta boðorð er eitt margra sem hefur verið sett fram að nýju, vegna þess að fagnaðarerindi Jesú Krists hefur verið endurreist í fyllingu sinni. Trúboðar þjóna nú á sama hátt og þeir gerðu á tímum Nýja testamentisins. Í Postulasögunni er greint frá trúboði postulanna og annarra fylgjenda Drottins í jarðneskri þjónustu hans. Þar lesum við um hina undraverðu trúarumbreytingu Sáls frá Tarsus,<sup>2</sup> sem áður hafði farið með „ógnum og manndrápum gegn lærisveinum Drottins“<sup>3</sup> og ofsótt hina nýstofnuðu kirkju. Það varð upphafið að því að Sál snerist til trúar sem Páll, og varð einn mesti trúboði Drottins. Síðustu 15 kapítular Postulasögunnar greina frá trúboði Páls og féлага hans.

Í bréfi til Tímóteusar, eins traustasta vinar Páls, skrifaði Páll: „Lát engan líta smáum augum á æsku þína, en *ver fyrirmynd trúaðra*, í orði, í hegðun, í kærleika, í trú, í hreinleika.“<sup>4</sup> Þessi leiðsögn á jafnt við um okkur nú. Hún á við um fastatrúboða okkar; hún á jafnt við um alla meðlimi kirkjunnar. Hvort sem við erum fastatrúboðar eða aðrir meðlimir, ættum við að vera góð fyrirmynd trúaðra á Jesú Krist.

### FASTATRÚBOÐAR

Um 52.000 fastatrúboðar eða fleiri þjóna nú á 340 trúboðssvæðum víða um heim. Þeir eru trúaðir og dyggir þjónar Drottins. Tilgangur þeirra er að „bjóða öðrum að koma til Krists með því að hjálpa þeim að meðtaka hið endurreista fagnaðarerindi fyrir trú á Jesú Krist og friðþægingu hans, iðrun, skírn, gjöf heilags anda og með því að standast allt til enda.“<sup>5</sup>

Líkt og Tímóteus eru fastatrúboðar ungir menn. Sumir eru systur; aðrir eru eldri trúboðar. Við elskum hvert ykkar! Trúboðar þjóna til að bæta líf barna Guðs. Himneskur faðir elskar öll börn sín. Hann er jú faðir þeirra. Hann þráir að blessa þau með hinum bestu gjöfum eilífs lífs.<sup>6</sup> Í því felst kennsla trúboðanna hvarvetna. Þeir hjálpa fólki að þróa trú á Drottin, iðrast, skírast, taka á móti heilögum anda og helgiathöfnum mustersins og standast allt til enda. Verk Guðs og dýrð – „að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika,”<sup>7</sup> er einnig heilagt verk og dýrð sérhvers trúboða.

Við þörfnumst fleiri trúboða – fleiri verðugra trúboða. Í jarðneskri þjónustu sinni sagði Drottinn við lærisveina sína: „Uppskeran er mikil, en verkamenn fáir. Biðjið því herra uppskerunnar að senda verkamenn til uppskeru sinnar.“<sup>8</sup>

Í morgun, á fyrsta ráðstefnuhlutanum, hvatti ástkær forseti okkar, Thomas S. Monson, hvern ungan pilt í þessari kirkju til að búa sig undir trúboðsþjónustu. Ég vona að tekið verði á móti öllum boðskap hans á hverju heimili í kirkjunni.

Ég ber vitni um þessa vitru leiðsögn Monsons forseta. Ég hef, í minni fjölskyldu, séð þær blessanir sem sérhver trúboði hlýtur. Fram til þessa eru þau börn okkar, barnabörn og makar þeirra sem kölluð hafa verið til trúboðsþjónustu 49 að tölu, og sá fjöldi mun halda áfram að vaxa. Í öllum tilvikum hef ég séð sérhvern trúboða vaxa að visku, dómgreind og trú. Þeir hafa, á sama hátt og margar kynslóðir á undan þeim, gengið í þjónustu Guðs og „[þjónað] honum af öllu hjarta, ... mætti, huga og styrk.“<sup>9</sup> Trúboðsþjónusta hefur auðveldað þeim að skapa sér sín guðlegu örlög.

## MEÐLIMATRÚBOÐAR

Leiðsögn Páls: „Ver þú fyrirmynd trúaðra,“ á jafnt við um aðra meðlimi. Flestir hafa ekki verið og verða kannski aldrei fastatrúboðar. En allir geta verið meðlimatrúboðar. Staðhæfing þessi minnir mig á glettna frásögn. Á stórum leikvelli við trúboðsskóla var áritað skilti. Á því stóð: „Aðeins fyrir trúboða!“ Sumir sem líka vildu nota völinn settu upp nýtt skilti. Á þeirra skilti stóð: „Sérhver meðlimur sé trúboði!“

Sérhver trúboði getur verið fyrirmynd trúaðra. Bræður, sem fylgjendur Jesú Krists getur sérhver ykkar lifað eftir kenningum hans. Þið getið búið að „hreinu hjarta og flekklausum höndum.“ Þið getið haft „mynd Guðs greypa í svip yðar.“<sup>10</sup> Góð verk ykkar verða öðrum til vitnis.<sup>11</sup> Ljós Drottins getur ljómað úr augum ykkar.<sup>12</sup> Með þann ljóma í augum ættuð þið að geta svarað spurningum. Páll postuli ráðlagði: „Verið ætíð reiðubúnir að svara hverjum manni sem krefst raka hjá yður fyrir voninni, sem í yður er.“<sup>13</sup>

Látið andsvar ykkar vera ljúft og gleðiríkt. Og látið andsvar ykkar höfða til viðkomandi einstaklings. Hafið í huga að sá einstaklingur er líka barn Guðs, já, þess Guðs sem þráir innilega að sá einstaklingur geri sig hæfan fyrir eilíft líf og snúi að nýju einhvern tíma til hans. Þið gætuð einmitt verið sá sem lýkur upp dyrunum að sáluhjálpi hans eða hennar og skilningi á kenningu Krists.<sup>14</sup>

Eftir fyrsta andsvar ykkar, verið þá reiðubúnir að taka næsta skref. Þið gætuð boðið vini ykkar að koma með ykkur í kirkju. Margir vina okkar vita ekki að þeir eru velkomnir í kirkjubyggingar okkar. „Komið og sjáið,“ var boð frelsarans til þeirra sem þráðu að læra meira um hann.<sup>15</sup> Ef þið bjóðið fólki að koma með ykkur á sunnudagasamkomur, eða til að taka þátt í félagslífi kirkjunnar eða þjónustuverkefni, mun það slá á sögusagnir og auka vellíðan gesta okkar.

Farið til þeirra sem þið þekkið ekki, sem meðlimir kirkjunnar, og heilsað þeim innilega. Heilsað a.m.k. einni manneskju á hverjum sunnudegi sem þið ekki þekkið. Reynið dag hvern að útvíkka vinahring ykkar.

Þið getið hvatt vin til að lesa Mormónsbók. Útskýrið að hún sé ekki skáldsaga eða sögubók. Hún sé annað vitni um Jesú Krist. Að megintilgangur hennar sé að „sannfæra

Gyðingana og Þjóðirnar, um að Jesús er Kristur, hinn eilífi Guð, er opinberar sig öllum þjóðum.“<sup>16</sup> Að bókinni fylgi kraftur sem geti snert hjörtu og bætt líf hins einlæga sannleiksleitanda. Biðjið vin ykkar að lesa bókina vandlega.

Spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Ég sagði bræðrunum að Mormónsbók væri réttari en allar aðrar bækur á jörðinni og burðarsteinn trúar okkar, og að maðurinn kæmist nær Guði með því að fara eftir kenningum hennar, fremur en nokkurrar annarrar bókar.“<sup>17</sup> Mormónsbók greinir frá friðþægingu Jesú Krists, og er það verkfæri sem Guð notar til að uppfylla forna spádóma sína um að safna saman Ísrael á þessum síðustu dögum.<sup>18</sup>

Fyrir mörgum árum spurðu tveir samstarfsmenn mínir – hjúkrunarkona og læknir, sem voru hjón – mig að því af hverju ég kysi að lifa eins og ég gerði. Ég svaraði: „Vegna þess að ég veit að Mormónsbók er sönn.“ Ég bauð þeim að lesa Mormónsbók og lánaði þeim mína bók. Viku síðar skiluðu þau bókinni og sögðu kurteislega: „Kærar þakkir.“

Ég svaraði: „Hvað eigið þið við með kærar þakkir? Það er algjörlega óásættanlegt svar frá þeim sem hefur lesið bókina. Þið lásuð hana ekki, ekki satt! Takið hana endilega aftur og lesið hana; eftir það vil ég fá hana til baka.“

Þau viðurkenndu að hafa aðeins blaðað í gegnum hana og þáðu boð mitt. Þegar þau komu aftur sögðu þau með tár í augum: „Við erum búin að lesa Mormónsbók. Við vitum að hún er sönn! Við viljum vita meira.“ Þau lærðu meira og ég naut þeirra forréttinda að skíra þau bæði.

Þið getið einnig miðlað fagnaðarerindinu með því að bjóða vinum að hitta fastatrúboða á heimili ykkar. Trúboðar þessir eru kallaðir til að kenna fagnaðarerindið og hafa lært það. Vinir ykkar geta á þægilegu heimili ykkar, og með stöðugri hughreystingu ykkar, hafið ferð sína til sálhjálpur og upphafningar. Drottinn sagði: „Þér eruð kallaðir til að gjöra samansöfnun minna kjörnu að veruleika, því að mínir kjörnu heyra raust mína og herða eigi hjörtu sín.“<sup>19</sup>

Ritningarnar segja okkur að „enn [séu] margir á jörðinni ... [sem] er haldið frá sannleikanum vegna þess að þeir vita ekki hvar hann er að finna.“<sup>20</sup> Er það ekki tækifæri fyrir ykkur? Þið getið orðið þeim lærisveinar uppgötvunar!

Á þessum tíma Alnetsins eru nýjar og spennandi leiðir til að taka þátt í trúboði. Þið getið boðið vinum og nágrönnum að fara á hina nýju vefsíðu mormon.org. Ef þið hafið blogg og félagsnetkerfi getið þið tengt vefsíðu ykkar við mormon.org. Og þar getið þið búið til ykkar eigið persónusnið. Í hverju persónusniði eru trúarskoðanir, trúarreynsla og vitnisburður. Þar sem vefsíðan er ný af nálinni, eru flest persónusniðin á ensku. Persónusnið á öðrum tungumálum koma svo í kjölfarið.

Persónusnið þessi geta stuðlað að miklum og góðum áhrifum. Fyrir tveimur mánuðum sá ungur maður að nafni Zac – sem er nýnemi í framhaldsskóla – vefsíðuna mormon.org auglýsta í sjónvarpinu í Baton Rouge, Louisiana. Hann fór á vefsíðuna og varð hrifinn af persónusniðum kirkjumeðlima. Á vefsíðunni sá hann hlekk með upplýsingum um hvar hann gæti sótt kirkju. Næsta sunnudag, íklæddur hvítri skyrtu og með bindi, fór hann í kirkju, var kynntur fyrir meðlimum deildarinnar og naut þess að vera á öllum þriggja stunda samkomunum. Honum var boðið að koma á heimili meðlims til kvöldverðar og í kjölfarið tók hann á móti fyrstu trúboðslexíunni. Innan tveggja vikna var hann skírður og staðfestur meðlimur kirkjunnar.<sup>21</sup> Vertu velkominn, Zac! (Hann er að hlusta).

Sérhver fyrirmyndar fylgjandi Jesú Krists getur orðið öflugur meðlimatrúboði. Meðlimir og fastatrúboðar geta tekið höndum saman við að færa kærnum vinum og nágrönnum blessanir fagnaðarerindisins. Margir þeirra eru af Ísrael, sem nú er safnað saman, líkt og lofað hefur verið. Allt er það hluti af undirbúningi síðari komu Drottins.<sup>21</sup> Hann þráir sannlega að hvert okkar verði fyrirmynd trúaðra.

Ég veit að Guð lifir. Jesús er Kristur. Þetta er hans kirkja. Mormónsbók er sönn. Joseph Smith þýddi hana og er spámaður þessarar síðustu ráðstöfunar. Thomas S. Monson forseti er nú spámaður Guðs. Um það vitna ég í heilögu nafni Jesú Krists, amen.

## HEIMILDIR

1. Matt 28:19–20.
2. Sjá Post 9:3–18.
3. Post 9:1.
4. . 1 Tím 4:12; leturbr. hér.
5. *Boða fagnaðarerindi mitt: Leiðarvísir að trúboðsþjónustu*, (2004), 1.
6. Sjá K&S 14:7.
7. Sjá HDP Móse 1:39.
8. Lúk 10:2.
9. K&S 4:2.
10. Alma 5:19.
11. Sjá Matt 5:16; Alma 7:24.
12. . Sjá K&S 88:11.
13. . 1 Pét 3:15.
14. . Sjá 2 Ne 31:2, 21.
15. . Sjá Jóh 1:39. Fyrir þetta mynstur, sjá einnig Op 6:1, 3, 5, 7.
16. . Titilsíða Mormónsbókar.
17. . Formáli Mormónsbókar.
18. . Sjá 3 Ne 21:1–7. Ath. að þessi sjö vers mynda eina setningu.
19. . K&S 29:7.

20. . K&S 123:12.

21. . Persónuleg samskipti við William G. Woods, forseta Baton Rouge trúboðsins í Louisiana.

22. . Sjá Mal 4:5; 3 Ne 25:5; K&S 2:1; 110:14–16; 128:17; 138:46; JS–S 1:38.